

Ferðafélag Fjarðamanna

Ferðadagskrá og fréttabréf 2009

1. tbl. 13. árg.

Apríl 2009

Ábyrgðarm. Ína Gísladóttir



Karlsstaðir í Vöðlavík frá 2003

Pantanir á gistingu farsími 894-5477, Ína

Eldað á gasi, kolagrill, sturta (3x100 kr.), góður matsalur og borðbúnaður, fjölbreyttar gönguleiðir frá skála og kastalasandur við ströndina.

Sjálfbodaðliðar óskast við skálavörslu.

Upplýsingar gefur Lulla s. 863-3623

Hafið þetta eintak við hendina svo þið getið fylgst með hvað er í boði.

Á fætur í Fjarðabyggð! Sækjum orku og skemmtun í útivist og góðan félagsskap. Allir velkomnir!

Mottó sumarsins er
„Göngum frá kreppunni“



Ferðadagskrá 2009

10. apríl. (föstudagurinn langi)

Píslarganga á skíðum.



Gengið frá sæluhúsi á miðjum Fagradal niður dalinn og yfir í Sléttadal. Ferðinni lýkur við Seljateig í Reyðarfirði. Ferðin er í léttara lagi. Mæting við vegamót Reyðarfjörður – Fáskrúðsfjörður kl. 10.00. Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson s. 476 1381. Nánar auglýst á heimasíðu. Verð kr 500.- fyrir fullorðna.

12. apríl. (páskadagur)

Hátíðarganga út í Páskahelli Norðfirði.



Verða þetta páskarnir þar sem sólin dansar?

Upprifjun á sögnum. Leiðsögumaður: Ína Dagbjört Gísladóttir

Mæting kl 06:00 við vitann á Bakkabökkum Verð kr 500.- fyrir fullorðna

25. apríl.

Fögnum sumri á Eskifirði.



Bæjarferð, blandað saman fróðleik, léttri göngu og skemmtun. Komið við í Randulffs sjóhúsi. Leiðsögn: Þórhallur Þorvaldsson. Mæting kl 10:00 við Sjóminjasafn Austurlands (Gömlu búð) Verð kr 500.- fyrir fullorðna.

9. maí.

Fuglatalning og fuglaskoðun á leirum Reyðarfjarðar og Norðfjarðar.



Samvinnuferð með Náttúrustofu Austurlands. Sérfræðingar hennar stjórna talningu og koma með “fuglaskóp” fyrir þátttakendur. Frítt fyrir alla.

Stórstraumsfjara. Mæting kl 08:00 á Norðfirði og kl 09:00 á Reyðarfirði.

15. maí.

Kvöldganga upp með gljúfri Stóralækjar og á Kollfell í Reyðarfirði.



Fararstjóri: Einar Þorvarðarson

Mæting kl. 20.00 við Áreyjar. Verð kr 500.- fyrir fullorðna.

23.- 24. maí.

Viðfjörður – Barðsnes. Vor á Suðurbæjum.



1. dagur: Siglt frá Norðfjarðarhöfn til Viðfjarðar kl 09:00. Gengið í Sandvíkurskarð og þaðan út að Barðsnesi. Glæsilegt útsýni úr Skarðinu. Gist á Barðsnesi.

2. dagur: Gengið í Skollaskarð og þaðan upp á Vatnshól. Farið í Mónes og út fjörur að einstökum steingerfingum og síðan í bakaleið út á Hornfont. Siglt til baka frá Barðsnesi ef veður leyfir, annars frá Viðfirði. Litskrúð í líparíti, rústir, sögur, fuglalíf og einstakt útsýni ef vel viðrar. Máltíð að hætti fararstjóra á laugardagskvöld er innifalín. Þátttakendur koma með annað nesti og svefnpoka. Hámarksfjöldi 20 manns. Verð kr. 10.000.- fyrir félagsmenn og 12.000.- fyrir aðra. Börn frá 8- 15 ára greiða hálf gjald. Fararstjórar: (forfallnir Barðsnesaðáendur) Ína s 894-5477 og Lulla s 863-3623 Skráning í síðasta lagi á fimmtudagskvöld fyrir ferð.



13. júní.

Stöðvarskarð frá Stöðvarfirði til Fáskrúðsfjarðar.



Raðganga, byggð úr byggð í Fjarðabyggð. 1. ganga.

Mæting kl 10:00 við Stöð í Stöðvarfirði.

Upphitun fyrir gönguviku. Verð kr. 500.- fyrir fullorðna.



14. júní.

Stuðlaheiði frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar.



Raðganga, byggð úr byggð í Fjarðabyggð. 2. ganga.

Mæting kl 10:00 við jarðgangamunnann í Fáskrúðsfirði.

Upphitun fyrir gönguviku. Verð kr. 500.- fyrir fullorðna.

„Á fætur í Fjarðabyggð“

Gönguvika 20. – 27. júní, sjá nánar á bls. 4.

11. júlí.

Kvöldganga Gengið á Hátún úr Oddsdal Norðfirði um Geldingaskarð.



Sérstakt sjónarhorn yfir allan Norðfjörð og á ýmsa fjallatinda á Gerpissvæðinu. Fararstjóri:

Ína D. Gísladóttir. Mæting kl 20:00 Norðfjarðarmegin við Oddsskarðsgöng. Verð kr 500.-

fyrir fullorðna.

12.- 17. júlí.

Gerpissvæðið – 5 daga sumarleyfisferð “ Ísland er landið”



sjá nánar á bls. 5.

18. júlí.

Op- Nóntindur (Glámsaugnatindur).



Skemmtilegt gönguland, gott útsýni yfir Reyðarfjörð og Hellisfjörð og ýmsa fjallatinda.

Fararstjórar: Sigurborg Hákonardóttir og Bjarni Aðalsteinsson.

Mæting kl 10:00 á bílastæði neðan við brú á Oddsdalsá.

Verð kr 500.- fyrir fullorðna.



„Á fætur í Fjarðabyggð“

Gönguvika í Fjarðabyggð.

**Samstarfsaðilar: Mjóeyri ehf, Ferðafélag Fjarðamanna,
Gönguhópur Suðurfjarða og Fjarðabyggð**


20. – 27. júní. Göngur og gleði

**Kjörorð vikunnar er „Maður er manns gaman“ og „Nóttin er ung“
Kvöldvökur öll kvöld. Nánar auglýst í sérstakri dagskrá Gönguviku**

20. júní.

kl. 10:00   + 

Göngu og bátsferð á Barðsneshorn.

kl. 20:00   


Sólstöðuganga. Gengið á Skúmhött í
Vöðlavík 881 m.

21. júní.

kl. 10:00    + 

Í fótspor bresku hermannanna.

Raðganga, byggð úr byggð í Fjarðabyggð.
3. ganga.

kl. 16:00 



Fjölskylduganga á Grænafell í Oddsdal.

22. júní.

kl. 10:00   

Gengið á Goðaborg 1132 m.

(eitt af fjöllunum fimm í Fjarðabyggð)

kl. 17:00  + 

Fjölskylduganga í Helgustaðanámu,
gengið um Op til Norðfjarðar.


+ Raðganga, byggð úr byggð í Fjarðabyggð.
4. ganga.

23. júní.

kl. 10:00   

Gengið á Hólmatind 985 m.

(eitt af fjöllunum fimm í Fjarðabyggð)

kl. 17:00 

Hólmanes, göngu og bátsferð fyrir
alla fjölskylduna.

Grillveisla á Borgasandi kl 19:00.


Hægt verður að prófa kajak í
Mjóeyrarvíkinni þennan dag.

24. júní.

kl. 10:00   

Gengið á Hádegisfjall 809 m.

(eitt af fjöllunum fimm í Fjarðabyggð)

kl. 17:00 

Gönguferð fyrir alla fjölskylduna
í Geithúsaárgil í Reyðarfirði.

kl. 23:00   


”Nóttin er ung” Næturanga á
Jónsmessunótt. Gengið frá Geithúsa
í Oddsdal um Hnúka, Sel, Hellisfjörð,
Sveinsstaði og síðan um Götuhjalla
til Norðfjarðar.

25. júní.

kl. 10:00   



Gengið á Kistufell 1239 m.

(eitt af fjöllunum fimm í Fjarðabyggð)

kl. 17:00 



Gönguferð fyrir alla fjölskylduna upp
með Gilsá í Fáskrúðsfirði.

26. júní.

kl. 10:00  

Gengið á Svartafjall 1021 m.

(eitt af fjöllunum fimm í Fjarðabyggð)

kl. 17:00  

Gengið að Einbúanum sem fallið hefur
úr brúnum Gráfells og að steinboganum
í Álftafelli.

27. júní.


kl. 10:00   

Gengið um Miðstrandarskarð milli

Norðfjarðar og Mjóafjarðar 700 m.

Raðganga, byggð úr byggð.

5. ganga – lokaáfangi.

kl. 10:00 

Morgunganga, fjölskylduganga
um Hólatjarnir í Fannardal.

kl. 14:30

**Sigling Norðfjörður –Mjóifjörður
–Norðfjörður með farþegaskipinu
Skrúð og veitingar í Sólbrekku.**

Ferð fyrir alla fjölskylduna.

kl. 20:00

Lokakvöldvaka.

**Vegleg lokakvöldvaka í umsjá
Ferðaþjónustunnar Mjóeyri.**
Grill, varðeldur, söngur og fleira.



12. - 17. júlí.

Gerpissvæðið – 5 daga sumarleyfisferð „Ísland er landið“

Náttúruperlur, hæfileg ganga,
hefðir sem koma á óvart og góður andi.

- 1. dagur:** Gengið frá Oddsdal í Norðfirði til Viðfjarðar um Op, Grákoll og Dys. Gist í Viðfirði.
- 2. dagur:** Gengið út að Barðsnesbæ. Ef viðrar verður gengið frá Stuðlum upp í Sandvíkurskarð þar sem útsýni er frábært um Sandvíkina. Gist á Barðsnesi.
- 3. dagur:** Við skoðum þann hluta Barðsness, perlu Gerpissvæðisins, sem við komumst yfir. Gist á Barðsnesi.
- 4. dagur:** Til baka í Viðfjörð, grillað og notið samvista. “Maður er manns gaman”. Gist í Viðfirði
- 5. dagur:** Gengið út norðurströnd Viðfjarðar og um Hellisfjörð með sjó til Grænanness í Norðfirði, sund og lokaveisla í Seldal í Norðfirði þar sem gist verður síðustu nóttina.

Verð: 30.000.- fyrir félagsmenn en 33.000.- fyrir aðra. Börn frá 8- 15 ára greiða hálf gjald. Innifalið er gisting í fimm nætur, þrjár kvöldmáltíðir, fararstjórn og flutningur á farangri til og frá Viðfirði. Fararstjórar: Laufey P. Sveinsdóttir og Ína D. Gísladóttir.

Skráning fyrir máilok í s. 894 5477 / 477 1226 og seldalur@centrum.is



Ferðadagskrá félagsins gekk með eindæmum vel síðastliðið sumar, fjöllin fimm komust á kortið svo um munaði og nú er um að gera að gefa ekkert eftir. Þeir sem lagðir eru af stað geta lokið verkefninu og þið sem eruð í startholunum, getið notað tækifærið og fylgt Árna og Kidda í gönguvíkunni 2009. Þeir munu gæta þess að bæði þeir spræku og þeir sem vilja fara sér hægjar njóti sín. Tveir ungir menn Örn Ómarsson og Karl F. J. Jóhannsson unnu það afrek að ganga á fjöllin fimm á einum sólarhring 2008. Ef fleiri hugsa til slíkra afreka mælumst við til þess að þeir undirbúi sig vel og leiti upplýsinga um hvaðeina áður en af stað er farið. Við bryddum upp á þeirri nýjung 2009 að vera með raðgöngu sem ber nafnið „Byggð úr byggð í Fjarðabyggð“. Hún hefst á Stöðvarfirði og endar í Mjóafirði í lok gönguvíku. Gaman væri ef myndaðist kjarni sem yrði samferða alla leið. Þá munum við krydda ákveðnar ferðir með söng, dansi og jógaæfingum. Við höfum komið upp metnaðarfullri ferðadagskrá og vonum að hún mælist

vel fyrir. Samvinna við ýmsa aðila eflir okkur og eykur fjölbreytni svo sem sjá má á Gönguvíku sem verður enn kröftugri í ár. Við minnum á að allar ferðir eru fjölskylduferðir, börn eru sérstaklega velkomin, en foreldrar verða að meta hvað má bjóða þeim eftir aldri og þreki. Félagið stóð fyrir Grænlandskynningu í janúar 2009, nefndir sinntu gerð dagskrár og framkvæmd og viðhaldsvinnu sem er ærin bæði við Karlsstaði og stíkur, fararstjórar lögðu einnig á sig mikla vinnu og síðast en ekki síst sjálfbodaliðar sem sinntu skálavörslu á Karlsstöðum Öllu þessu góða fólki og öðrum velunnurum er þakkað fyrir ómetanlegt framlag. Heldur færri gistu á Karlsstöðum 2008 en 2007 og markast það líklega af góðviðri á Suðvesturhorninu, bensínhækkun og almennt hækkudum ferðakostnaði, en fólk þaðan er stærsti hluti gestanna. Félagið fékk styrk frá Samvinnufélagi Utgerðarmanna til þess að endurnýja endamerkingar og frá Alcoa Fjarðaál og kann þessum fyrirtækjum bestu þakkar fyrir.

Félagsstarf var með hefðbundnum hætti og heimasíðan heldur upp stöðugum tengslum við féлага og aðra þá sem áhuga hafa á landshlutanum.

Þá hefur Sigrún Víglundsóttir hannað dagatöl með myndum af svæðinu og eru þau aðgengileg öllum til prentunar á pdf formi á heimasíðu félagsins.

1. ágúst.

Neistaflugsganga á Nípukoll.

Þangað berst tónaflóð og hátíðarstemning

Njótið þess ofan frá. Fararstjórar: Benti/Jóna Kata eða Bjarni/Sibba.

Mæting við Norðfjarðarvita kl. 16:00. Verð kr. 500.- fyrir fullorðna.

15. ágúst.

Hallbjarnarstaðatindur milli Þórudals og Skriðdals 1.146 m.

Grófluga litskrúðugt og hrikalegt umhverfi. Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Mæting kl. 10:00 í Þórudal við jeppaslóðann inn í Stafdal. Verð kr. 500.- fyrir fullorðna.

22. ágúst.

Glæsitindurinn Bagall í Norðfirði klifinn.

EKKI fyrir lofthrédda. Útsýni um Mjóafjörð, Norðfjarðarfjallgarð og Norðfjörð.

Fararstjóri: Árni Þorgeirsson.

Mæting kl. 10:00 í Kirkjubólsteigi. Verð kr. 500.- fyrir fullorðna.



Sjálfbodaðaliðastarf er ekki bara vinna.
Það er gaman að gera gagn.
Vertu með!
Hafðu samband við nefndaformenn og stjórn.
Upplýsingar á heimasíðu: www.simnet.is/ffau



23. ágúst.

Í miðju sögu og sagna. Hálfðan á Kirkjumel heimsóttur. 

Söguríkar minjar á miðsveit Norðfjarðar skoðaðar með sagnaþulnum Hálfðani Haraldssyni, á heimavelli.
Mæting kl. 10:00 á Kirkjumel í Norðfirði. Frítt fyrir alla.

29. ágúst.

Gengið frá Dalatanga um Afrétt, yfir Afréttarskarð og niður með stórbrotnum og hrikalegum klettaþiljum Skálaneshjargs að Skálanesi í Seyðisfirði.   

Ferðin er samvinnuferð Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Fjarðamanna. Kvöldmatur á Skálanesi í ferðarlok innifalinn í verði. Fararstjóri: Bjarni Aðalsteinsson.
Mæting hjá Upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum kl. 09:00. Rúta þaðan og út á Dalatanga og til baka frá Seyðisfirði. Verð 6.500.- fyrir félagsmenn og 7.500.- fyrir aðra.

5. september.

Reiðhjólaferð á Héraði.

Farið frá Söluskála KHB (N1) Egilsstöðum kl. 10:00.
Hjólað í Fellabæ og þar skammt norðan við er farið útaf hringveginum og út Hróarstungu.
Farið meðfram Urriðavatni og síðan Lagarfljóti út að Lagarfossi og yfir Fljótíð við virkjunina. Til baka austan við Fljót, fyrst farinn vegslóði að bænum Stóra-Steinsvaði.
Þaðan um heimreiðina yfir á Borgarfjarðarveg og áfram inn Hérað, í Eiða og til Egilsstaða.
Leiðin öll er 59 km. Verð kr. 500.- fyrir fullorðna. Fararstjóri: Árni Ragnarsson.

12. september.

Djúpidalur til Stuðla í Reyðarfirði.   

Gengið frá Stafdal um Djúpadal og þaðan yfir efstu drög Skógdals niður í Hjálmaladal.
Komið niður við Stuðla. Fáfarin og glæsileg leið. Mæting kl 10:00 við vegslóða til Stuðla í Reyðarfirði.
Verð kr. 500.- fyrir fullorðna. Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.



Ferðadagskrá, upplýsingar um félagið, fjallaleikinn **“Fjöllin fimm”**, kynningu á Fjallagörpum Fjarðabyggðar sem gengið hafa á fjöllin fimm, myndir úr ferðum félagsins og margt fleira skemmtilegt er að finna á heimasíðu félagsins

simnet.is/ffau

netfang: **seldalur@centrum.is**

Ef þess er ekki sérstaklega getið, greiða 16 ára og eldri sem fullorðnir.

Allar ferðir eru
auglýstar í Dagskránni.

Göngum frá kreppunni,
náttúran er orkubúr sálarinnar!
Eitthvað fyrir alla og allir með!

Hérabrént

Fjallaleikurinn ” Fjöllin fimm í Fjarðabyggð” á fljúgandi ferð

Það var árið 2004, sem félagið kom fyrir stimplum og gestabókum á fjöllin Kistufell, Hádegisfjall, Hólmatind, Svartafjall og Goðaborg sem samtals eru 5.186 metrar á hæð. Leikurinn fór hægt af stað og á árunum 2004 til 2007 náðu ellefu manns titlinum Fjallagarpur Fjarðabyggðar. Kristinn Þorsteinsson og Árni Ragnarsson, sem



reyndar áttu stærstan heiður af framkvæmdinni við að koma upp og hanna búnaðinn sem settur var á fjallatindana, leiddu svo göngur á öll fjöllin í Gönguvíkunni 2008. Saman náðu sjö manns að ganga með þeim á öll fjöllin og sú áttunda á síðasta degi vikunnar. Börn og unglingar undir 16 ára aldri ná titlinum með því að ganga á þrjú fjöll eftir eigin vali og náði einn að klára það á sama tíma.

Í kjölfarið bættust svo við fleiri garpar og alls náðu 16 manns titlinum 2009 þar af sex börn og unglingar, það yngsta átta ára. Það verður sérstök ánægja að veita þessum glæsilega hópi verðlaunagripinn ljósker í vörðuformi á komandi aðalfundi. Allt þetta afreksfólk er kynnt á heimasíðunni með mynd og þar eru líka upplýsingar um annað það sem tilvonandi garpar þurfa að vita.

Aðalfundur

Ferðafélags Fjarðamanna

verður haldinn í Slysavarnarhúsinu

í Neskaupstað fimmtudaginn 16. apríl kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf, stjórnarkjör til næstu þriggja ára, inntaka nýrra félaga, afhending 5 fjalla verðlauna, kaffi og spjall.

Eftir aðalfund verður farið yfir dagskrá 2009 og sýnir Ína Gísladóttir myndir úr fyrri ferðum og frá áfangastöðum ferðaársins. **Mætum vel, nýir félagar velkomnir.**